

Stjórnarfundur Leiðsagnar

7. apríl 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður.

Á fjarfundi: Sigrún Pálsdóttir (SP) meðstjórnandi

Gestir fundarins Sonja Kjartansdóttir bókari félagsins og Kristín Hrafnisdóttir endurskoðandi.

1.	Ársreikningar 2021 og fjármálin	<p>Formaður setur fundinn og býður fundarfólk og gesti öll velkomin. Þær Sonja bókari og Kristín endurskoðandi fara yfir ársreikninga sjóðanna þriggja fyrir árið 2021, lið fyrir lið og leysa úr spurningum sem fram koma. Nokkur smáatriði verða lagfærð í sundurliðun útgjalda og tekjuliða en að öðru leyti eru ársreikningarnir samþykktir af stjórn. Skoðunarmenn ársreikninga fá gögnin send þegar allt er fullfrágengið í næstu viku.</p> <p>Einnig leggur bókari fram „punktstöðu“ fyrstu 3ja mánaða ársins 2022. Að mörgu leyti lítur fjárhagsstaðan vel út, er að rétta úr kútnum eftir covid-árin tvö.</p> <p>(Kl. 18:30 víkja þær Sonja og Kristín af fundinum og þakka fundarmenn þeim fyrir góðar og upplýsandi útskýringar.)</p>	U Á	
2.	Fundargerð síðasta fundar	<p>Fundargerð síðasta fundar 22.3.2022 samþykkt af öllum nema GME, sem er boðið að leggja fram formlega bókun við lið 8.c. og annað sem hún gerir athugasemdir við. Hún leggur fram tvær bókanir (Bókun I og II) og sem svar leggur FR fram gagnbókun og eins áskilur ritari sér rétt til að gera athugasemdir.</p> <p>(Þessar bókanir og athugasemdir má sjá aftan við fundargerðina frá 22.3.2033.)</p>	U B B A	
3.	Undirbúningur aðalfundar 26.4.	<p>Farið yfir þau verkefni sem þarf að hafa klár fyrir aðalfundinn (fundarstjóri, ritari, rafræn kosning, o.fl.) Sonja bókari og Valva gjaldkeri munu kynna ársreikningana. VÁ mun gera fjárhagsáætlun ársins 2022 byggða á punktstöðunni frá bókara og verður hún lögð fram á fundinum líka. Rætt um góða boðun aðalfundar, á heimasíðunni, í tölvupóstum, á facebook og víðar.</p>	U	Friðrik Stjórn Skrifst.
4.	Önnur mál	<p>a) SP vill vegna bókunar I frá GME ræða frekar styrkúthlutun fyrri stjórnar Endurmenntunarsjóðs til félagsmanns til að vinna að gerð faghandbókar. Finnst henni fyrri stjórn Endurmenntunarsjóðs vera</p>	U	

	<p>„sek“ í þessu máli og hafa hafa sýnt alvarlegt ábyrgðarleysi.</p> <p>b) Einnig vill SP ræða málefni kjörnefndar og er ekki sátt við vinnubrögðin við skipun hennar. Meirihluti stjórnar tekur ekki undir þessa gagnrýni og eru sátt við valið í kjörnefndina, (þ.e. Ragnheiði Ármannsdóttur starfsmann skrifstofu, Pétur Gauta og Guðmund Örn). Auk þess benda FR og SSS á að framboðsfresti til stjórnar, trúnaðaráðs o.fl. lýkur 10 dögum fyrir aðalfund, þ.e. 16. apríl, og ef skipa á nýja kjörnefnd, sem er tímabundið verkefni fram að aðalfundi, þarf að kalla til nýjan trúnaðarráðsfund til þess og finna nýja aðila í kjörnefnd og þeir sem gagnrýni núverandi val þurfi þá að sýna fram á vanhæfi þeirra aðila.</p> <p>(Kl. er 19:30 og SP vikur af fundi)</p> <p>c) Rætt um ársskýrslu stjórnar sem formaður mun sjá um, og kallar hann eftir skýrslum frá hinum ýmsu nefndum og ráðum.</p> <p>d) VÁ gjaldkeri leggur fram til kynningar nýjan ráðningasamning við starfsmann skrifstofu sem gildir frá 1. apríl 2022 og er hann samþykktur.</p> <p>e) SSS vill að bókað sé að stjórn samþykki að greiða útgjöld sem skapast vegna lögfræðikostnaðar vegna kjarabrota. Kjaranefnd hefur undanfarið unnið mikla vinnu við að grafa ofan í öll þau mál sem hafa borist, margt hefur legið í láginni og nauðsynlegt að fara vandlega yfir hvert og eitt mál. Sum þeirra eru það alvarleg kjarabrot að það gæti þurft að fara með þau „alla leið“ þ.e. beita lögformlegum leiðum með aðstoð lögfræðings. Nokkur ferðapjónustufyrirtæki eru nefnd til sögunnar sem ítrekað brjóta vinnurétt gagnvart starfsmönnum sínum. Spurning vaknar um það hvort rétt sé að Leiðsögn reki mál og leggi út í kostnað vegna starfsmanna sem ekki eru félagar í Leiðsögn, ekki vegna þess að þeir vilji það ekki heldur vegna þess að vinnuveitandi meinar þeim það. Meirihluti stjórnarmanna er samþykktur því að leggja út í lögfræðikostnað ef þurfa þykir, því slík mál eru fordæmisgefandi, en GME varamaður situr hjá.</p>	U	
		U	Friðrik
		U Á	Valva
		U	Snorri
		Á	
	Fundi slitið 20:00		

Fundargerð þessi samþykkt á stjórnarfundi þann 25.4.2022 eftir að Sigrún Pálsdóttir (SP) hefur farið fram á smá orðalagsbreytingar við lið 4.b.

Varamaður Guðný Margrét Emilsdóttur (GME) samþykkir ekki fundargerðina og leggur fram þrjár bókanir sem hér fylgja á eftir:

Bókun I frá GME: „Ég legg fram eftirfarandi bókun á stjórnarfundum haldinn 25. apríl 2022: fundargerð stjórnarfundar, haldinn 7. apríl 2022 var ekki send til stjórnarmanna fyrir stjórnarfund 25. apríl. Fundargerðin frá stjórnarfundum 7. apríl 2022 var lögð í fyrsta skiptið fyrir fyrir stjórnarmenn þann 25. apríl á stjórnarfundum. Fundargerðir eru hluti af fundargögnum og því eru þessi vinnubrögð sérstaklega ófagleg og ekki til eftirbreytni.“

Athugasemd ritara vegna bókunar I frá GME: „Alls ekki er óalgengt að fundargerð síðasta fundar sé lögð fram á þeim næsta.“

Bókun II frá GME: „Ég legg fram eftirfarandi bókun á stjórnarfundum 25. apríl: Á stjórnarfundum haldinn 7. apríl sendi ég rafrænt tvær bókunir á stjórnarmenn, í framhaldinu var mér tjáð að það væri ekki fullnægjandi heldur þyrft ég að handskrifa bókunina og leggja hana þannig fram. Ég spurði stjórnarmenn hvort ekki væri hægt að prenta bókunina út og var mér tjáð að enginn kynni á prentarann. Í framhaldinu, þ.e. eftir stjórnarfundum, spurði ég Magnús Norðdahl lögfræðing ASÍ hvort ég hefði bæði þurft að senda bókunina rafrænt og handskrifa hana. Svaraði Magnús Norðdahl því: “þú ræður.” M.ö.o. ég þurfti ekki bæði að senda bókunina rafrænt og handskrifa hana.“

Athugasemd ritara vegna bókunar II frá GME: „Varaformaður Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) útskýrði vel á fundinum fyrir GME að við stjórnarmenn hefðum ekki aðgangsorð að tölvu skrifstofunnar og gætum þar af leiðandi ekki prentað bókun hennar út. Þess vegna var hún beðin um bókun sína handskrifað. Að taka útskýringar SSS ekki til greina og afbaka orð hans, og telja sig þar að auki þurfa að bóka sérstaklega um málið, ber ekki vott um góða fundarhætti og skilning GME á samlyndi og samstarfi.“

Bókun III frá GME: „Ég legg fram eftirfarandi bókun: Á stjórnarfundum haldinn 7. apríl bar fundarritari HB mig saman við “pexið í Vigdísí”; það er algjörlega ólíðandi og óviðeigandi að fundarritari tali svona til stjórnarmanna / félagsmanna. Sami stjórnarmaður / félagsmaður hefur komið að gerð nýrra siðareglna fyrir Leiðsögn og þess heldur finnst mér þessi orðræða HB til stjórnarmanns eiga sér engar stoðir og ég leyfi mér að efast að HB sé rétti aðilinn í “smíði” siðareglna. Þar er skýrt kveðið á um einelti.“

Athugasemd ritara vegna allra bókana frá GME: „Umræða um fundargerðir hefur tekið mikinn tíma hvers fundar og ekki alltaf af miklu tilefni, helst vikum í orðalagi og kröfum um ofurnákvæmni í skráningu samtala. Hefur þeirri umræðu einkum verið haldið uppi af varamanni í stjórn, Guðnýju Margréti Emilsdóttur (GME), oft eftir að fundargerðir hafa verið samþykktar af öllum öðrum á lýðræðislegan hátt.“

Staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari